

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 9. febrúar 2023
UST202301-337/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Haukadalur III í Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Haukadal III í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að skipulagið nái til frístundabyggðar, golfvallar, verslunar- og þjónustusvæðis og landbúnaðarlands. Á svæðinu er gert ráð fyrir alls 38 frístundalóðum, þar sem 20 lóðir eru þegar byggðar, en á lóðunum er heimilt að vera með frístundahús og geymslu, svefnhús eða gróðurhús. Á verslunarsvæðinu er 936,6 m² gistihús, 111,5 m² vélageymsla og 128,5 m² íbúðarhús. Á landbúnaðarsvæðinu er gert ráð fyrir um 2.000 m² lóð fyrir íbúðarhús sem má vera allt að 250 m².

Í tillögunni er verið að stórum hluta að festa í sessi þá landnotkun og starfsemi sem nú þegar er á svæðinu en stofnunin vill vekja athygli á eftirfarandi þáttum.

Geysir

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skipulagssvæðið liggur að Geysissvæðinu¹ þarf að fjalla um Geysissvæðið og áhrif tillögunnar á það en svæðið var friðlýst sem náttúruvætti þann 17. júní 2020.

Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

Auk þess vill stofnunin vekja athygli á að jarðhitasvæði Geysissvæðisins nær inn á skipulagssvæðið.²

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ³ sem nefnist Suðurlandsundirlendi.⁴ Umhverfisstofnun bendir á að á þessu svæði eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegundir Íslands.⁵

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/geysissvaedid/>

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁴ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>

⁵ <https://www.ni.is/greinar/forangstegundir-fugla>

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fuglana.

Girðingar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.*“

Mikilvægt að ofangreind atriði séu sett í skilmála skipulagsins.

Bakkagróður

Samkvæmt uppdrætti eru lækir og ár á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Mikilvægt að ofangreind atriði séu sett í skilmála skipulagsins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur